

Mál nr. 15/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 14. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 15/2010

Kærandi

gegn

Kærðu

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 3. maí 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu hefðu gerst brotlegar við grundvallarreglur félagsins með því að para tíkina XX í eigu kærðu við hundinn XXX í eigu kærðu samkvæmt innsendu pörunartottorði dagsettu 9. september 2009, án þess að hundarnir sem eru af tegundinni XXXX hefðu gild hjartavottorð. Auk þess hafði tíkin ekki náð tilskildum aldri við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 3. maí 2010 og þeim gefinn frestur til að andmæla til 8. júní. Kærðu sendu sameiginlega umsögn dags. 14. maí þar sem þær upplýstu að pörunin hefði verið mistök. Andsvör kærðu voru send kæranda til umsagnar. Kærandi sá ekki ástæðu til að svara efnislega og óskaði eftir því að siðanefnd héldi áfram með málið. Í framhaldi af því voru málsaðilar boðaðir á sáttafund sem haldinn var 7. september 2010 en þar kynntu aðilar sjónarmið sín fyrir nefndinni. Sættir tókust ekki og þar sem, nefndin taldi að öll gögn um málið lægu fyrir og þau sjónarmið sem máli skiptu væru komin fram, þá var málið tekið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Tíkin XXX var pörud við hundinn XX án þess að hundarnir hefðu gild hjartavottorð. Auk þess hafði tíkin ekki náð tilskildum aldri við pörun. Hundarnir eru af tegundinn Cavalier king charles spaniel. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum félagsins. Kærðu játuðu brot sitt og upplýstu að um mistök hefði verið að ræða. Ekki hefði verið talið að hundurinn sem þá var 9 mánaða gamall gæti verið orðinn frjór og því hefði ekki verið gætt að því að koma í veg fyrir pörun hundanna. Kærðu hefðu strax og ljóst varð að pörun hefði átt sér stað, unnið að því að koma hundunum til skoðunar hjá dýralækni og fengið þar staðfest að þeir hefðu staðist hjartaskoðun.

III. Forsendur

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ sem notar hund sinn til ræktunar að vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Í reglugerð um skráningu í ættbók, reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Cavalier king charles spaniel:

„Hjartavottorð: Vottorð undaneldishunda mega ekki vera eldri en 6 mánaða við pörun og skulu hundarnir vera án murrs þar til 6 ára aldri er náð (gildir fyrir paranir frá og með 1. júlí 2009) Vottorð eftir að 5 ára aldri undaneldishunda er náð gilda í 1 ár. Vottorð

eftir 7 ára aldur undaneldishunda gilda ævilangt. (Gildir frá 1. janúar 2008).
Hjartavottorð þarf að fylgja ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir pörun.”

Þá segir í grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins að félagsmanni í HRFÍ beri að:

„Para ekki tók fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með).”

Í málinu er óumdeilt að ekki lágu fyrir gild hjartavottorð þegar hundarnir pöruðust. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af hundakyninu Cavalier king charles spaniel skal skila inn hjartavottorði og telst það til þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu því gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum félagsins.

Þá liggur það einnig ljóst fyrir að ekki hefur komið fram nein umsókn um undanþágu frá grundvallarreglum félagsins um breytingar á lágmarksaldri tíka fyrir pörun. Hefur kærða, því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotanna. Kærðu bentu á að það hefði alls ekki verið ætlun þeirra að þessi pörun ætti sér stað, en eigi að síður hefði það verið ákvörðun þeirra að láta hana ná fram að ganga, þar eð tíkin væri óvenju þroskuð að þeirra mati miðað við aldur, en hún var 21 mánaða gömul við pörun. Þá voru hundarnir strax og hægt var látnir gangast undir heilufarsskoðun og staðist hana. Síðanefnd telur það ekki breyta brotinu þótt hundarnir hafi staðist hjartaskoðun eftir á enda gátu kærðu ekki séð þá niðurstöðu fyrir. Reglan hljóðar á um að vottorð liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn sé ekki með arfgengan hjartagalla. Henni er þannig ætlað að hafa fyrirbyggjandi áhrif. Hins vegar verður á það að líta að kærðu gengu skýlaust við brotinu. Þau brugðust rétt við enda fóru þau til læknis eftir að pörunin hafði orðið.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 og grein 3.3 í grundvallarreglum HRFÍ
Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum HRFÍ.

Kærða X er áminnt.

Kærða Y er áminnt.

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir